

**405. fundur  
Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 15. júlí 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaugur Jónsson (GJ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. 0907018 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 765. fundar**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. 0907001 - Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið. Úthlutun byggðarkvóta. Bréf dagsett 26. júní**

Eyrún og Guðlaugur lýstu yfir vanhæfi og viku af fundi undir þessum lið. Til máls tóku: GÓ, BGG, BB, GÓ bar fram eftirfarandi tillögu: Hreppsnefnd leggur til að við úthlutun til fiskiskipa verði stuðst við reglugerð nr. 557/2009, frá 25. júní 2009, en vill nýta sér ákvæði 2.gr. reglugerðarinnar og setja eitt sérstakt skilyrði sem er að út úr 4.gr. reglugerðarinnar verði tekið við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir. Samp. með atkv. BB, BGG og GÓ.

**3. 0907032 - Melrakkasetur Íslands. Krufning á refum á Vestfjörðum. Bréf dagsett 8. maí**

Til máls tóku: BGG, EIS, GÓ, BB, GJ. Oddvita falið að afla nánari upplýsinga og erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

**4. 0906092 - Umsókn um leyfi til kattarhalds. Steinunn Friðriksdóttir**

Til máls tóku: BB, BGG, GJ, GÓ, EIS. Leyfið samþykkt samhljóða.

**5. 0906089 - Alþingi. Umhverfisnefnd. Bréf dagsett 8. júní 2009**

Lagt fram til kynningar.

**6. 0906091 - Atvest. Bréf dagsett 12. júní 2009**

Erindinu vísað til samráðsnefndar.

**7. 0907021 - Umhverfissráðuneytið. Bréf dagsett 2. júlí**

Til máls tóku: BB, BGG, EIS, GÓ, GJ. Oddvita falið að koma á framfæri athugasemdum við umsagnir um stjórnslukærur frá Vegagerðinni, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

**8. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Oddviti fór yfir hin ýmsu mál sem á döfinni eru og kynnti viðskiptaáætlun varðandi "neyðarnótina hjálp", einnig hvatti hún nefndarmenn til að mæta á Dynjandisheiði vegna 50 ára afmælis vegarins. Hreppsnefnd fer í sumarleyfi og verður næsti fundur þann 16. september nk.

**9. 0907020 - Búnaðarsamtök Vestulands. Verkefni um þjóðlendumál. Bréf dagsett 30. júní**

Lagt fram til kynningar.

**10. 0907043 - Búnaðarsamband Vestfjarða. Tillaga frá Búfjárræktarnefnd. Bréf dagsett 7. júlí**

Erindinu vísað til fjallskilanefndar.

**11. 0907019 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Skil á mánaðarlegum upplýsingum um fjármál sveitarfélaga. Bréf dagsett 30. júní**

Lagt fram til kynningar.

**12. 0906096 - Menntamálaráðuneytið. Tilkynning um undirbúning viðbragðsáætlana vegna inflúensufaraldurs. Bréf dagsett 15. júní 2009**

Lagt fram til kynningar.

**13. 0906093 - Fasteignaskrá Íslands. Bréf dagsett 19. júní 2009**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50**

_____	_____
_____	_____
_____	_____